

RÍKISENDURSKOÐUN

Þjóðskrá Íslands

Endurskoðun 2020

Endurskoðunarskýrsla

Nóvember 2021

Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun ársreiknings Þjóðskrár Íslands fyrir árið 2020.

Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi stofnunarinnar og öðrum upplýsingum stjórnenda. Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að stjórnendur stofnunarinnar eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskilanna. Þetta felur meðal annars í sér að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi, að réttum reikningsskilareglum sé fylgt og að viðunandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum.

Í samræmi við 5. grein laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.

Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur.

Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáráukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.



Ársreikningur Þjóðskrár Íslands var síðast endurskoðaður 2017 vegna ársins 2016.

Efnisyfirlit

Inngangur	2
1 Lykiltölur úr rekstri ársins 2020.....	4
2 Ábendingar og athugasemdir	5
3 Áhættumat og mikilvægi.....	6
4 Fjárveiting og rekstur	7
4.1 Fjárveitingar	7
4.2 Rekstraráætlun.....	8
4.3 Niðurstöður/ábendingar.....	8
5 Innra eftirlit	9
5.1 Inngangur	9
5.2 Umfjöllun	9
5.3 Niðurstöður/ábendingar.....	10
6 Endurskoðun rekstrarliða.....	11
6.1 Sértekjur	11

6.2 Launagjöld	12
6.3 Önnur rekstrargjöld	12
6.4 Niðurstöður/ábendingar.....	13
7 Endurskoðun efnahagsliða	14
7.1 Eignir	14
7.2 Eigið fé og skuldir	15
7.3 Niðurstöður/ábendingar.....	15
8 Önnur atriði	16
9.1 Samþykkt ársreiknings.....	16
9.2 Óhæðisyfirlýsing.....	16

1 Lykiltölur úr rekstri ársins 2020



2 Ábendingar og athugasemdir

Niðurstöður endurskoðunar hjá Þjóðskrá Íslands voru án athugasemda. Stofnuninni er bent á að bæta þarf skjalfestingu verkferla tengda fjármálum og innra eftirliti stofnunarinnar. Sú vinna er hafin samkvæmt upplýsingum frá Þjóðskrá Íslands.

Vísað er í einstaka kafla skýrslunnar varðandi aðrar ábendingar.

3 Áhættumat og mikilvægi

Mat á áhættu og mikilvægi eru grundvallarþættir sem horft er til við skipulagningu og framkvæmd endurskoðunar. Þetta merkir að sjónum er sérstaklega beint að áhættusömum og verulegum liðum í reiknings-skilunum. Leitast er við að skipuleggja endurskoðunina með skilvirkni í huga, liður í því er að taka mið af eftirlitsumhverfi Þjóðskrár eins og kostur er. Lögð er áhersla á að yfirfara ferla í tengslum við gerð reikningsskilanna og verulega liði innan þeirra. Markmiðið með þessari yfirferð er meðal annars að afla upplýsinga um eftirlitsaðgerðir stjórnenda og að kanna virkni þeirra.

Eftirfarandi eru þeir liðir hjá Þjóðskrá sem voru taldir skipta mestu máli vegna endurskoðunarvinnu á árinu:



Við skipulagningu endurskoðunar voru mikilvægismörk ákvörðuð sem 2% af gjöldum ársins, eða 37,5 milljónir króna. Mikilvægismörk eru sú fjárhæð skekkna sem er talin að hafi ekki áhrif á upplýstan lesenda reikningsskilanna. Mikilvægismörk eru því einn af grunnþáttum endurskoðunar og marka

meðal annars umfang þeirra endurskoðunargagna sem aflað er. Eftir sem áður er öllum skekkjum, sem finnast og máli skipta, komið á framfæri við stjórnendur

Við mat á áhættu og mikilvægi einstakra fjárlagaliða og stofnana eru jafnframt ákveðnir þættir hafðir til hliðsjónar m.a. eðli og umfang fjárlagaliðar eða stofnunar, fyrri athugasemdir og fyrirkomulag bókhalds hjá stofnun.

4 Fjárveiting og rekstur

4.1 Fjárveitingar

4.1.1 Fjárveiting – heimild til rekstrar

Fjárveiting ársins 2020 til Þjóðskrár Íslands nam 2.059,2 m.kr. eins og fram kemur í fylgiriti með fjárlögum 2020 og skiptist þannig að 1.045,4 m.kr. eru fjármagnaðar með rekstrartekjum og 1.013,8 m.kr. með beinu framlagi úr ríkissjóði. Fjárveitingar voru lækkaðar um 3,1 m.kr. á fjáráukalögum og tekjufærsla frestaðra tekna vegna afskrifta nam 31,6 m.kr. Þá nam fjárfestingaframlag 70 m.kr. Endanlegar fjárveitingar vegna reksturs Þjóðskrár Íslands námu því 972,3 m.kr.

Gjöld að frádregnum sértekjum námu 923,2 m.kr. og voru því 49,2 m.kr. innan fjárveitinga eða um 5,1%. Gjöld að frádregnum sértekjum lækkuðu um 18,4 m.kr. milli ára eða um 2,0%. Helstu breytingar á rekstrarliðum milli ára var hækkun sértekna um 72,9 m.kr og lækkun launa um 52,9 m.kr. en önnur rekstrargjöld hækkuðu um 104,0 m.kr.

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á fjárveitingum og rekstri á árinu 2020:

Tafla 1 Samanburður á fjárveitingum og rekstri 2020

Í þús. kr.	Fjárveiting 2020	Rekstur 2020	Frávik 2020	Rekstur 2019
Sértekjur	-1.041.500	-953.038	-88.462	-880.187
Launagjöld	1.402.400	1.237.955	164.445	1.290.909
Önnur rekstrargjöld	579.800	606.606	-26.806	502.561
Eignakaup, fyrning	31.632	31.632	0	28.299
Aðrar tilfærslur	0	25	-25	0
Samtals	972.332	923.180	49.152	941.582

4.1.2 Fjárveiting – heimild til fjárfestingar

Fjárfestingaframlag ársins 2020 til Þjóðskrár Íslands nam 70 m.kr. eins og fram kemur í fylgiriti með fjárlögum 2020. Kaup á eignum að frádreginni sölu eigna á árinu 2020 námu 88,8 m.kr. Staða fjárfestingaframlags í árslok var neikvætt um 37,7 m.kr. samanborið við 18,9 m.kr. í upphafi árs sem er hækkun um 18,8 m.kr. eða sem nemur kaupum á eignum umfram fjárfestingaframlag á árinu 2020.

4.2 Rekstraráætlun

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að vandað sé til við gerð rekstraráætlunar og hún sé skráð í fjárhagskerfið og reglulega fylgst með því hvort gjöld og tekjur séu í samræmi við áætlun ársins.

Rekstraráætlun Þjóðskrár Íslands fyrir árið 2020 var skráð í fjárhagskerfi ríkisins, Orra. Rekstraráætlun gerði ráð fyrir 20,6 m.kr. tekjuhalla árið 2020 en 49,2 m.kr. tekjuafgangur varð af rekstri Þjóðskrár Íslands.

Rauntölur í bókhaldi eru reglulega bornar saman við rekstraráætlun og kynnir fjármálastjóri fjárhagsstöðuna á fundi framkvæmdastjórnar einu sinni í mánuði.

4.3 Niðurstöður/ábendingar

Á árinu 2020 var rekstur Þjóðskrár Íslands 49,2 m.kr. innan fjárveitinga. Uppsafnaður höfuðstóll nam 129,2 m.kr. í árslok 2020. Rekstraráætlanir eru skráðar í Orra, fjárhagskerfi ríkisins.

Staða fjárfestingaframlags í árslok var neikvætt um 37,7 m.kr.

5 Innra eftirlit

5.1 Inngangur

Forstjóri Þjóðskrár ber ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og fylgt sé lögum og reglum.

Ríkisendurskoðun ber skv. lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.

5.2 Umfjöllun

Greining og mat á innra eftirliti leiddi í ljós að ýmsir verkferlar eru til staðar sem stuðla að virku innra eftirliti varðandi fjármál stofnunarinnar. Verkferlar hafa ekki allir verið skjalfestir en í handbók á innri vef eru listaðir nokkrir ferlar fyrir fjármál. Þá er fjármálateymið með verkefnalista yfir verkefni sem þarf að sinna. Samkvæmt upplýsingum frá Þjóðskrá er formleg skráning ferla í vinnslu hjá stofnuninni.

Varðandi samþykktarferil reikninga þá eru reikningar almennt samþykktir af þremur aðilum en í undantekningartilvikum af tveimur aðilum.

Þjóðskrá Íslands er í greiðslu- og bókhaldsþjónustu hjá Fjársýslu ríkisins. Fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins, Orri, er notað við vinnslu á bókhaldi og launaafgreiðslu og viðverukerfið Vinnustund er notað fyrir skráningu á viðveru og fjarvistum starfsmanna. Eignir eru skráðar í eignaskrárkerfi Orra.

Starfsmenn fjármálateymis nota AR reikningakerfi Orra við útgáfu reikninga og innheimtu tekna hjá stofnuninni. Þær tekjur Þjóðskrár sem eru samkvæmt samningum eru innheimtar eftir ákveðnum verkferlum og fylgst með að allar tekjur skili sér. Tekjur sem eiga uppruna sinn í gegnum vefinn og tekjur sem fara í gegnum afgreiðsluna fara í gegnum LS-One kerfið sem skilar færslum inn í Oracle daglega. Afstemming á LS-One kerfinu fer fram mánaðarlega samhliða skilum á bankareikningi til Fjársýslu ríkisins.

Ráðningarsamningar eru gerðir við alla starfsmenn og eru undirritaðir af forstjóra eða mannauðsstjóra. Breytingar á ráðningarsamningum eru gerðar með formlegum hætti og fara allar launabreytingar í gegnum svokallað Launaráð og eru afgreiðslur þess skráðar í fundargerð.

Varðandi ráðningar er stuðst við verklagsreglur þannig að við ákvörðun um ráðningu er farið yfir starfaflokkun viðeigandi starfs, launablað fyllt út og persónulegir þættir skráðir ásamt því að skoða og bera saman teymi viðkomandi starfsmanns. Niðurstaða er síðan unnin af framkvæmdastjóra, mannauðssérfræðingi og viðeigandi stjórnanda.

Tímaskráning starfsmanna fer fram í Vinnustund og fara framkvæmdastjórar yfir tímaskráningu sinna starfsmanna og samþykkja fyrir launavinnslu. Mannauðssérfræðingur fer síðan yfir og samþykkir.

Eftirlit með launaafgreiðslu hvers mánaðar er þannig að framkvæmdastjórar fara yfir tímaskráningu en ekki er um annað eftirlit framkvæmdastjóra á launaafgreiðslu að ræða. Stefnt er að því að fyrir endanlega launavinnslu fari

hver framkvæmdastjóri yfir sína einingu og sendi síðan staðfestingu til mannauðssérfræðings.

Aðgangur að mannauðsmálum í Orra er þannig að framkvæmdastjóri og mannauðssérfræðingur hafa aðgang. Gögn vegna starfsmanna eru geymd á skipulagðan hátt í aðgangsstýrðri mannauðsmöppu þar sem gögn um hvern starfsmann eru geymd með rafrænum hætti í starfsmannamöppum. Að þeirri möppu hafa aðgang: Forstjóri, framkvæmdastjóri, mannauðssérfræðingur og öryggisstjóri sem sér um jafnlaunavottun.

5.3 Niðurstöður/ábendingar

Ýmsir þættir sem stuðla að virku innra eftirliti varðandi fjármál eru til staðar hjá Þjóðskrá Íslands auk þess sem stofnunin er í greiðslu- og bókhaldsþjónustu Fjársýslu ríkisins. Ríkisendurskoðandi telur þó að gera megi úrbætur þannig að innra eftirlit stofnunarinnar verði skilvirkara með því að skjalfesta verkferla.

Bæta þarf skjalfestingu verkferla þannig að þeir verði allir formlega skráðir. Samkvæmt upplýsingum frá Þjóðskrá er sú vinna hafin.

6 Endurskoðun rekstrarliða

Tafla 2 Rekstraryfirlit 2020

Í þús. kr.	2020	2019	Breyting
Tekjur			
Aðrar tekjur	797.515	725.872	71.643
Seld þjónusta	101.215	90.787	10.428
Framlög og ýmsar tekjur	52.601	60.701	-8.100
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	31.632	28.299	3.333
Alls tekjur	982.963	905.659	77.304
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld	1.207.200	1.295.421	-88.221
Orlofsskuldbinding	9.563	-21.682	31.245
Starfsmannakostnaður	21.192	17.171	4.021
Vörukaup	111.651	56.501	55.150
Funda- og ferðakostnaður	9.693	19.701	-10.008
Sérfræðiþjónusta	210.764	211.075	-311
Tapaðar kröfur, fjármagnsliðir	14.224	1.480	12.744
Leigugjöld, verkkaup o.fl.	258.592	210.976	47.616
Eignakaup, fyrningar	31.632	28.299	3.333
Alls gjöld	1.874.511	1.818.942	55.569
Tekjufærsla fjárveitinga	940.700	921.100	19.600
Tekjur umfram gjöld	49.152	7.817	41.335

6.1 Sértekjur

Innheimta sértekna fer fram í gegnum AR hluta Orra og með LS One kerfinu. Aðrar tekjur eru tekjur vegna aðgangs að fasteignamatsskrá, rafrænna veðbandayfirlita, aðgangs að skrár Þjóðskrár og vottorðsgjalda. LS One afgreiðslukerfið er notað fyrir tekjur sem eiga uppruna sinn í gegnum vefinn svo sem innheimt gjöld fyrir vottorð og stofnun fasteigna og þær tekjur sem fara í gegnum afgreiðslu Þjóðskrár. Afgreiðslukerfið tekur við kortagreiðslum og sendir daglegar skýrslur inn í Orra. Á árinu 2020 kom í ljós að ákveðin vottorðsgjöld sem innheimtust í gegnum LS One höfðu ekki skilað sér í bókhaldið en allar greiðslur höfðu skilað sér í gegnum Valitor og Borgun. Eftir yfirferð fannst skýringin á þessu og var þá leiðrétt í bókhaldinu. Bent er á mikilvægi þess að gera reglulegar afstemmingar á innheimtu í gegnum LS One.

Seld þjónusta er að mestu leyti aðrar þjónustutekjur. Tekjur vegna seldrar þjónustu námu 101,2 m.kr. og hækkuðu um 10,4 milli ára. Stór hluti af öðrum þjónustutekjum er vegna grunnþjónustu Þjóðskrár til sýslumanna sem byggir á rammasamningum um upplýsingatæknibúnað og -þjónustu. Reikningar frá Þjóðskrá til sýslumanna eru ekki hefðbundnir heldur skilagreinar þar sem u.þ.b. helmingur af upphæð hverrar skilagreinar er vegna verðlagsþátta fjárlaga frá árinu 2008. Innheimtan byggir á gömlum samningum og eðlilegt væri að þeir væru endurnýjaðir. Samkvæmt upplýsingum frá Þjóðskrá liggur fyrir samkomulag milli dómsmálaráðuneytis, Sýslumannaráðs og Þjóðskrár Íslands um að leggja af grunnþjónustu Þjóðskrár til sýslumanna. Útboð á þeirri þjónustu hefur farið

fram og samningur gerður við Opin kerfi. Unnið er að undirbúningi flutnings grunnþjónustunnar og áætlað að því verði lokið í árslok.

6.2 Launagjöld

Launagjöld voru endurskoðuð með fyrirspurnum og greiningum og gerð var úrtaksskoðun á launum ársins 2020. Heildarlaun án starfsmannakostnaðar námu 1.216,8 m.kr. á árinu 2020 í samanburði við 1.273,7 m.kr. á árinu 2019 sem er lækkun um 4,5% milli ára. Ársverk voru 101,4 og hafði fækkað um 10,5 frá árinu á undan. Heildarlaun á ársverk voru því um 5,4% hærri en árið áður.

Fjársýsla ríkisins sér um útreikning launa en launaafgreiðslan fer fram innan stofnunarinnar. Að baki launagreiðslum eru ráðningarsamningar og skráning í rafræna tímaskráningarkerfið Vinnustund. Breytingar á ráðningarsamningum eru gerðar með formlegum hætti. Tímaskráningarkerfið er notað til að halda utan um viðveru og fjarveru starfsmanna.

Gerð var úrtaksskoðun fyrir 12 starfsmenn á launagreiðslum 1. nóvember 2020 þannig að ráðningarsamningar og breytingar á þeim ásamt gögnum um viðbótargreiðslur voru skoðuð.

Ráðningarsamningar og gögn vegna breytinga á þeim ásamt gögnum um viðbótargreiðslur voru fyrirbyggjandi fyrir alla í úrtaksskoðuninni. Hægt var að rekja launabreytingar og skoða öll gögn um hvern starfsmann rafrænt á skipulagðan hátt í aðgangsstýrðri mannauðsmöppu. Við úrtaksskoðun var einnig farið yfir ferli varðandi launabreytingar og greidda tímamælda yfirvinnu. Þegar um breytingar á launum er að ræða þá sendir viðkomandi stjórnandi beiðni til Launaráðs hjá Þjóðskrá. Launaráðið yfirfer allar slíkar beiðnir og ákveðið form af launablaði er fyllt út og undirritað. Á því kemur fram hvernig laun og launaforsendur viðkomandi starfsmanns breytast.

Í úrtakinu kom í ljós að greiddir voru dagpeningar innanlands, og fengust skýringar á því. Frá og með ársbyrjun 2021 er aðeins greitt fyrir útlagðan kostnað vegna ferða innanlands.

Almennt er gott utanumhald um launagögn og var launaendurskoðun án athugasemda.

6.3 Önnur rekstrargjöld

Endurskoðun annarra rekstrargjalda fór fram með fyrirspurnum og greiningum. Önnur rekstrargjöld námu 657,7 m.kr. samanborið við 545,2 m.kr. árið áður og hækkuðu því um 20,6%.

Stærstu liðir annarra rekstrargjalda á árinu eru: Vörukaup, sérfræðipjónusta og leigugjöld, verkkaup o.fl.

Mikil hækkan á vörukaupum milli ára skýrist af 70,8 m.kr. niðurfærslu birgða á eldri lager af vegabréfabókum. Vegabréfabókunum hefur ekki verið eytt en það mun vera á áætlun haustið 2021, Ríkisendurskoðun hefur óskað eftir að fá staðfestingu þegar eyðing vegabréfabókanna hefur farið fram.

Sérfræðipjónusta árið 2020 var 210,8 m.kr. sem er nánast óbreytt frá árinu 2019. Stærsti liður sérfræðipjónustu var 160 m.kr. kostnaður vegna hugbúnaðargerðar þar af eru um 105 m.kr. samtals viðskipti við Advania hf. Gerður var rammisamningur milli Advania hf. og Þjóðskrár Íslands í janúar 2015 og annar nýrri í janúar 2018 þar sem fram kemur að Advania veiti Þjóðskrá ýmsa þjónustu á sviði upplýsingatækni. Samningurinn er ótímabundinn með 3 mánaða uppsagnarákvæði.

Bent er á að kanna hvort einhver hluti af því sem bókaður er á hugbúnaðargerð ætti að eignfærast.

Leigugjöld, verkkaup o.fl. voru 258,6 m.kr. á árinu 2020 og höfðu hækkað um 22,6% milli ára. Stærstu kostnaðarliðir þar voru hugbúnaður og húsnæðiskostnaður. Af hugbúnaðarkostnaði voru 49,2 m.kr. vegna Microsoft leyfa. Hækkun á hugbúnaðarkostnaði milli ára nam 58,3 m.kr. sem rekja má til leiðréttingar á ofreiknuðum Microsoft leyfum sem færð var á árinu 2019 til lækkunar en svo leiðrétt aftur á árinu 2020.

Við úrtaksskoðun á rekstrargjöldum var það staðfest að samþykkt reikninga fer almennt í gegnum þrjá aðila hjá Þjóðskrá. Almennt fengust viðhlítandi skýringar og svör við endurskoðun rekstrarkostnaðar.

6.4 Niðurstöður/ábendingar

Úrtaksskoðun á rekstrarliðum leiddi til eftirfarandi ábendinga:

Við endurskoðun á tekjum ársins 2020 kom í ljós að innheimta á grunnþjónustu til sýslumanna byggir á gömlum samningum sem taka þarf til endurskoðunar. Samkvæmt upplýsingum frá Þjóðskrá hefur það verið gert. Búið er að gera samning við nýjan aðila á grundvelli útboðs og er miðað við að sú þjónusta Þjóðskrár verði í framhaldinu lögð af í árslok 2021.

Huga þarf að því að kostnað við hugbúnaðargerð á í sumum tilfellum að eignfæra.

7 Endurskoðun efnahagsliða

Tafla 3 Efnahagsreikningur 31. desember 2020

Í þús. kr.	31.12 2020	31.12 2019	Breyting
Eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	138.622	79.531	59.091
Óefnislegar eignir	5.600	7.521	-1.921
Birgðir	108.983	170.281	-61.298
Viðskiptakröfur	65.607	98.286	-32.679
Tengdir aðilar	17.083	40.333	-23.250
Aðrar kröfur og fyrirfr.gr.kostnaður	1.189	1.025	164
Handbært fé	168.044	351.634	-183.590
Eignir alls	505.128	748.611	-243.483
Eigið fé og skuldir			
Höfuðstóll	107.420	58.268	49.152
Bundið eigið fé	21.800	21.800	0
Ríkissjóður	89.773	443.216	-353.443
Viðskiptaskuldir	47.553	26.956	20.597
Ýmsar skammtímaskuldir	132.016	130.173	1.843
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheim.	106.566	68.198	38.368
Eigið fé og skuldir alls	505.128	748.611	-243.483

Í árslok 2020 námu eignir 505,1 m.kr., skuldir námu 375,9 m.kr. og höfuðstóll var jákvæður um 129,2 m.kr.

7.1 Eignir

7.1.1 Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignfærsla fastafjármuna hefur verið gerð frá og með árinu 2017, ásamt öðrum breytingum í kjölfar setningar laga um opinber fjármál nr.123/2015 (LOF). Eignir eru skráðar í eignaskrárkerfi Orra. Afskriftahlutfall er breytilegt milli einstakra flokka eigna.

Bent er á að yfirfara eignaskrá varðandi skráningu einstakra eigna og virði þeirra. Mikilvægt er að yfirfara og athuga hvort allur búnaður sé í notkun en annars taka hann út af eignaskrá.

7.1.2 Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir námu 5,6 m.kr. í árslok 2020. Um er að ræða hugbúnað og var niðurfærsla ársins 1,9 m.kr.

7.1.3 Birgðir

Verðmæti birgða í árslok var 109 m.kr. og lækkaði um 61,3 m.kr. frá fyrra ári. Í lok árs 2020 voru afskrifaðar vegabréfabækur að fjárhæð 70,8 m.kr. sem voru hluti af öryggisbirgðum eldra framleiðslukerfis.

7.1.4 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur námu 65,6 m.kr. í árslok 2020 samanborið við 98,3 m.kr. í árslok 2019. Óverulegur mismunur var á stöðu viðskiptakrafna í AR og GL eða 8.001 kr. sem verður skoðað á árinu 2021. Við endurskoðun var

sannreynt að meginhluti viðskiptakrafna var innheimtur á fyrri hluta árs 2021.

7.1.5 Tengdir aðilar

Inneign hjá ríkisaðilum í A-hluta ríkissjóðs nam 17,1 m.kr. í árslok 2020 samanborið við 40,3 m.kr. inneign í upphafi árs sem er lækkun um 23,2 m.kr.

Krafa á ríkissjóð vegna orlofsskuldbindinga í árslok var 113,3 m.kr. Eignfærslan var gerð á árinu 2017 samkvæmt fyrirmælum Fjársýslu ríkisins.

7.1.6 Handbært fé

Handbært fé nam 168 m.kr. í árslok 2020 samanborið við 351,6 m.kr. í árslok 2019. Um er að ræða inneignir á bankareikningum hjá Landsbankanum og Íslandsbanka.

Ríkisendurskoðun sendi beiðni til fjögurra bankastofnana um staðfest yfirlit um viðskipti við Þjóðskrá Íslands og bærust svör frá þeim öllum. Þjóðskrá er með fimm bankareikninga í tveimur bönkum. Bókhaldi bar saman við staðfest yfirlit frá þeim bankastofnunum í árslok 2020.

7.2 Eigið fé og skuldir

7.2.1 Höfuðstóll

Eigið fé Þjóðskrár nam 129,2 m.kr. í árslok 2020 en var 80,1 í árslok 2019. Höfuðstóll hækkaði um 49,2 m.kr. eða sem nemur tekjuafgangi ársins 2020. Staða fjárfestingaframlags í árslok var neikvætt um 37,7 m.kr.

7.2.2 Ríkissjóður

Skuld við ríkissjóð í árslok 2020 var 89,8 m.kr. samanborið við 443,2 m.kr. í árslok 2019.

7.2.3 Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir í árslok námu 47,6 m.kr. samanborið við 27 m.kr. í árslok 2019 sem er hækkun um 20,6 m.kr. Enginn mismunur er á stöðu ógreiddra gjalda í AP og GL. Við endurskoðun voru greiðslur í ársbyrjun 2021 til greiðslu viðskiptaskulda yfirfarnar án athugasemda.

7.2.4 Ýmsar skammtímaskuldir

Ýmsar skammtímaskuldir námu 132 m.kr. í árslok í samanburði við 130,2 m.kr. í ársbyrjun. Helstu skuldir eru vegna orlofsskuldbindinga 116,8 m.kr. Ógreidd gjöld utan AP-kerfis voru 10,1 m.kr. og voru uppgerð í ársbyrjun 2021. Þá eru 4,3 m.kr. útistandandi vegna áætlaðrar leigu þar sem reikningar hafa ekki borist. Þessi skuld er enn óhreyfð á þriðja ársfjórðungi 2021. Bent er á að gera þessa skuld upp.

7.2.5 Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda

Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda nam 106,6 m.kr. í árslok 2020 en var 68,2 m.kr. í ársbyrjun.

7.3 Niðurstöður/ábendingar

Taka þarf eftirfarandi atriði til skoðunar:

Bent er á að yfirfara eignaskrá

Meðal ýmissa skammtímaskulda er óuppgerð skuld vegna áætlaðrar leigu sem ganga þarf frá.

8 Önnur atriði

9.1 Samþykkt ársreiknings

Ársreikningur Þjóðskrár Íslands fyrir árið 2020 hefur ekki verið undirritaður. Ársreikningar síðustu þriggja ára, eru einnig óundirritaðir þar sem ágreiningur er um markaðar tekjur Þjóðskrár með tilkomu LOF laga.

Álitsgerð var send til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins í janúar 2020 og óskað eftir að ráðuneytið myndi hlutast til um leiðréttingu á framkvæmd fjármála fyrir Þjóðskrá Íslands fyrir árin 2018, 2019 og 2020.

9.2 Óhæðisyfirlýsing

Fyrir liggja undirritaðar óhæðisyfirlýsingar þeirra starfsmanna Ríkisendurskoðunar sem sáu um endurskoðun hjá Þjóðskrá Íslands.



Ríkisendurskoðun
Bríetartúni 7 – 105 Reykjavík
Sími 448 8800

postur@rikisendurskodun.is – www.rikisendurskodun.is